

# Sparnaðartillögur (1703 milljarðar núvirt)

Meðfylgjandi eru nokkrar sparnaðartillögur, sem gætu stóraukið lífsgæði hér á landi. Gríðarleg sóun á sér stað í íslensku stjórnkerfi, og þessar tillögur er bara lítill hluti af þeim sparnaði sem hægt er að ná fram með góðu móti. Ef raunverulegur vilji er hjá ríkisstjórninni að draga úr stjórnlausri sóun almannaféis, þá eru tækifærin nóg.

Virðingafyllst,  
Jóhannes Loftsson  
Formaður Ábyrgrar Framtíðar

Tillögur	Árlegur sparnaður*	Núvirtur sparnaður*
Tillaga 1 (áróður og aðför að lýðræðislegum breytingum)	3.4 mia	68.3 mia
Tillaga 2 (stríð og stolin góðverk)	7.3 mia	145.8 mia
Tillaga 3 (vegagerða-bragga-verkefni)	8.9 mia	177.0 mia
Tillaga 4 (styttri austfjarðargöng)	0.8 mia	15.0 mia
Tillaga 5 (vg og loftslagsblætið)	16.0 mia	319.4 mia
Tillaga 6 (Borgarlínan)	21.6 mia	432.0 mia
Tillaga 7 (Undirbúningur framkvæmda)	27.3 mia	546.0 mia
<b>Alls:</b>	<b>85.2 mia</b>	<b>1703 mia</b>

*\*) Til að bera saman árlegan og núvirtan sparnað, er allur sparnaður umreiknaður í báðar áttir m.v. 5% vaxtakröfu.*

## TILLAGA 1 (Fjölmiðlar og Alþingi): Sparnaður = 3,4 milljarða

Fyrsta spurning um varðandi alla eyðslu hins opinbera þarf ávallt að vera: Samræmist það hlutverki ríkisins að skattfé almennings fari í þetta málefni?

Á t.d. að nota skattfé til að bjaga lýðræðislega umræðu og vinna gegn lýðræðislegum breytingum eða niðurgreiða afskipti hagsmunaaðila til að hafa áhrif á lýðræðislega umræðu? Í dag er gríðarlegum fjármunum almennings varið með þessum hætti til höfuðs lýðræðinu. Slíkt á ekki rétt á sér, því í lýðræðisríki er mikilvægt að allir standi sem jafnast og fólk þurfi sjálft að fjármagna að koma sínum pólitísku hugarefnum á framfæri.

## Stuðningur við stjórnmalaflokka: Sparnaður = 692,2 milljónir

Öll niðurgreiðsla til stjórnmalaflokka fellur þarna klárlega undir. Samkvæmt frétt á stjórnarráðinu (<https://www.stjornarradid.is/.../framlog-til.../>) fengu stjórnmalaflokkar greiddar 692,2 milljónir á síðasta ári. Þetta fé er notað til að halda frá öðrum skoðunum en ráðandi afla. Vart er hægt að hugsa sér neitt ólýðræðislegra en þetta. Stjórnmalaflokkar verða að vera sjálfala út frá eigin grasrót og eiga því aldrei að fá að hafa hendurnar í vösum skattgreiðanda með þessum hætti. Slíkt stríðir gegn grunnhugsun lýðræðisins og því verður þessu að linna. Ríkisstjórnin myndi sýna gott fordæmi með að fella allan þennan stuðning niður strax.

## Stuðningur við einkarekna fjölmiðla: Sparnaður = 727.2 milljónir

Á þessu ári gera fjárlög fráfarandi ríkisstjórnar ráð fyrir að um 727,2 milljónir fari í að styðja við einkarekna fjölmiðla og svipað á næstu árum. Enginn einkarekinn fjölmiðill á Íslandi er þó rekinn í hagnaðarskyni (ef marka má ársreikninga þeirra síðustu áratugi), heldur eru þeir allir reknir í áhrifaskyni svo eigendurnir geti haft meiri áhrif á umræðuna. Endurgjöf þeirra sem fjármagna fjölmiðla er sú að þeir fá málagn sem styður t.d. við óbreytt kvótakerfi, evrópuumsókn eða hvað eina. Þessi stuðningur er því í raun niðurgreiðsla á því fé sem eigendurnir væru ella til í að tapa, til að hafa áhrif. Það er verið að niðurgreiða afskipti hagsmunaaðila að pólitík. Sjaldan eru slík afskipti eins áberandi og fyrir kosningar þar sem sumir frambjóðendur fá mun betri meðferð en aðrir og nýir flokkar eru jafnvel útilokaðar frá umræðunni. Þetta fann undirritaður t.d. fyrir á eigin skinni þegar allir einkafjölmiðlar útilokuðu Ábyrga Framtíð frá að kynna sig fyrir síðustu kosningar eða taka þátt í umræðum og hættu meira að segja að birta niðurstöður um fylgi síðustu viku fyrir kosningar. Eina ástæðan fyrir því að fylgjendur þessara miðla yfir höfuð vissu að Ábyrg Framtíð væri að bjóða fram í einu kjördæmi var umfjöllun RÚV.

Jú sem einkafjölmiðlar þá eiga þessir fjölmiðlar eðlilega rétt á því að útiloka hverja þeir fjalla um, en það horfir samt undarlega við að sömu fjölmiðlar séu að þiggja hundruð milljóna í styrki til að “til að efla lýðræðislega umræðu”.

Þetta er bara eitt dæmi. Önnur stór hætta við að gera einkafjölmiðla háða bitlingum ríkisins er sú að eftir að “ópægilegum” fjölmiðlum sem fá ekki styrk er bolað af markaði þá eru bara eftir “já” fjölmiðlar sem eru orðnir háðir yfirvaldinu. Með því hverfur aðhald fjórða valdsins (sem þegar er orðið allt of lítið), því það er ekki hlaupið að því að gagnrýna höndina sem fæðir þig. Þessi undirlægjuháttur fjölmiðla var mjög áberandi á coviddímanum hér á Íslandi og erlendis. Nú er að koma í ljós að flest sem þessi fjölmiðlar héldu fram var lygi og margt af því fréttæfni sem enginn þeirra vildi birta það sem raunverulega var í gangi. T.d. að veiran hefði verið búin til á tilraunastofu, bóluefnið stöðvaði ekki smit, það þyrfti meira en eina sprautu, og að sprautan væri stórskadleg.

Ef allir styrkir til fjölmiðla verða felldir niður munu allir fjölmiðlar, podköst, blogg og hvaðeina standa jafnari fótum sem yrði jákvætt fyrir lýðræðislega umræðu og lýðræðislega þróun.

Ríkisútvarpið: Sparnaður = 1993,6 milljónir

Á næsta ári er gert ráð fyrir að ríkisútvarpið muni kosta ríkissjóð 6105 milljónir. (án auglýsingatekna). Til samanburðar þá var rekstrarkostnaður RÚV með öllu 4111 milljón árið 1980. (leiðrétt fyrir verðbólgu). Það liggur því beint við að vel er hægt að spara í rekstrinum um 1993,6 milljónir.

SAMTALS:  $692,2 + 727,2 + 1993,6 = 3,413$  milljónir

**TILLAGA 2 (stríð og stolin góðverk): Sparnaður = 7,3 milljarðar**

Ísland er herlaus þjóð. Engir íslenskir unglingar þurfa að gegna herskyldu og engir íslenskir foreldrar þurfa að óttast að börnum þeirra verði fórn að vígvellinum. Íslendingar upplifa því ekki þá ábyrgð sem fylgir þjóðum sem hafa her og ættu því fyrir vikið að halda sig frá öllum stríðsrekstri. Ísland á því aldrei að taka beinan þátt í neinum átökum eða styðja stríðsrekstur opinberlega í orði eða með fjármögnun. Ekki viljum við að erlend ríki séu að fjármagna heilapvott þar sem börnum er kennt að það sé dyggð að myrða Íslendinga, né myndum við vilja að erlend ríki keyptu vopn og gæfu óvinum okkar í þeim tilgangi að drepa Íslendinga.

UNWRA, Sparnaður: 330 milljónir

UNWRA átti beinan og óbeinan þátt í innrás Hamas í Ísrael 7. okt 2023. Skólar UNWRA kenna börnum á Gaza að drepa gyðinga og margir starfsmenn tóku þátt í innrásinni enda um helmingur þeirra tengdur HAMAS, beint eða óbeint. Fyrir innrásina var Ísland nýbúið að auka stuðning sinn við samtökin í 110 milljónir á ári til 2028 og gaf samtökunum síðan viðbótarframlag upp á 170 milljónir eftir árásina. (alls  $110 \times 5 + 170 = 720$  milljónir). Enn er áætlað að gefa þessum hryðjuverka "hjálparsamtökum" 330 milljónir af þessu fé. Það yrði betur ógert látið.

ÚKRAÍNA: Sparnaður = 1500 milljónir

Hluti af stuðningi Íslands til Úkraínu mun fara í vopnakaupa. Slík notkun á skattfé á ekki að leyfa. Hægt er að spara 1500 milljónir í útgjöldum næsta árs með að hætta þessum stuðningi.

Alþjóðaspróunarsamvinna: Sparnaður = 5458 milljónir

Þróunarsamvinna er málefni sem ávallt hefur tilhneigingu til að vaxa. Eftir "góðverk" eins stjórnámamanns með hendur í vösum skattgreiðenda, kemur annar stjórnámamaður sem endurtekur leikinn. Mikilvægt er að átta sig á því að slík "góðverk" skila sér sjaldnast til lengri tíma, heldur ánétja þiggjendur á hjálpina. Eins er slík notkun fés ekki alltaf sú ráðvandasta, og

auðvelt fyrir óprútna að komast yfir það, því þetta er fé án hirðis. Eins hafa brengluð pólitísk sjónarmið oft komist að sem jafnvel hafa beint þeim sem á að hjálpa í rangar áttir. Ofurkapp á að nota ekki sé notað jarðeldsneyti til að uppfylla einhverjar grænar kröfur er ekki að hjálpa fólki sem á ekki í sig eða á.

Ef fólk vill raunverulega hjálpa fólki í þróunarlöndum er alltaf lang árangursríkast að hjálpa því að hjálpa sér sjálft með viðskiptum. Niðurfelling innflutningstolla og minnkun innflutningshindrana í reglugerðum mun alltaf skila margföldum ávinningi á við að nokkra þróunaraðstoð.

Í fjárlögum 2006 voru Íslendingar að borga 4094 milljónir í þróunaraðstoð(núvirt), en 2025 erum við að borga 15010 milljónir. Mismunurinn er 10916 milljónir. Bara ef tekið væri hálf skref til baka að skera niður um 5458 milljónir á þessu ári. Það ætti að vera vel viðráðanlegt.

**SAMTALS: 330 +1500 + 5458 = 7288 milljónir**

### TILLAGA 3: Vegagerðar-braggar: Sparnaður = 177 milljarðar

Það er meiriháttar kerfisgalli á undirbúningi allra stórframkvæmda að hálfu ríkisins á Íslandi. Þetta sést einna best á vegaf framkvæmdum, þar sem ekki er nóg með að menn velji ranga lausn, heldur virðist horft fram hjá gríðarháum óvissukosnaði til að keyra verkefni í gegn. Risaapparat hefur myndast í samfélaginu til að þjónusta mörg að þessum vitleysuverkefnum og enginn þorir að segja neitt gagnrýniverð sem gæti ruggað bátum af ótta við að missa sinn skerf af kökunni.

Ástæðan fyrir þessari ótrúlegu sóun er að undirbúningurinn er rangur. Áður en farið er í kostnaðarsama hönnun þarf að vera búið að fullvissa sig um að verið sé að undirbúa rétta verkefnið. Til eru ýmis stöðluð undirbúningsmatskerfi sem beina verkefnum fljótt í rétta átt til að lágmarka slíkan kostnað, en þeim er ekki beitt hér á landi. Áður en hönnuðir, stórnámamenn og allir sem að verkefninu koma byrja að selja hugmyndina, er mikilvægt að rétta hugmyndin sé skoðuð.

Tökum nokkur dæmi.

### Sæbrautarstokkurinn: Sparnaður = 25 milljarðar

Í samgöngusáttmálanum sem lagður var fram 2019 var Sæbrautarstokkurinn kynntur sem hluti að sáttmálanum. Það láðist hins vegar að reikna kostnaðinn fyrir framkvæmdina með. Nú hefur þessi kostnaður hefur nú loks verið frumreiknaður og er 30 milljarðar fyrir 850m vegkafla.

Óbeinn kostnaður vegna umferðartafa sem mun standa mörg ár og loka Sæbrautinni jafnvel hátt í áratug er enn ómetinn.

Svona bull vinnubrögð eru óásættanleg, en eru í raun að draga fram hversu lítil hugsun liggur að baki þessari glórulausu Sæbrautarstokkshugmynd.

Aðgerð: Hætta við Sæbrautarstokkinn, og byggja þess í stað tvenn mislæg gatnamót og göngbrýr.

Sparnaður: 30 milljarðar - (2x2 milljarðar+1 milljarður) = 25 milljarða sparnaður.

## Brú við Selfoss: 15 milljarða sparnaður

Brúin við Selfoss er orðin glóruslaus sóun á skattfé og stefnir í rúmlega 20 milljarða. Ástæðan fyrir þessum kostnaði er sögð vera margvísleg, t.d. ísavandamál og jarðskjálftar. Þessar útskýringar er þó bara eftiráútskýringar þeirra sem báru ábyrgð á að kostnaðurinn rauh svona upp. Niðurstaðan var rándýr listaverkabrú, sem enginn á Íslandi kann að reisa (nema með aðkomu erlendra sérfræðinga) staðsett er á óhagstæðum þverunarstað Ölfusár þar sem áin er um 300 metra breið.

Aðgerð: Endurskilgreina þarf verkefnið þ.a. þak sé sett á kostnað áður en hönnun hefst.

Dæmigert verðþak gæti verið 5 milljarðar. Fyrir þann pening væri t.d. vel hægt að gera göng eða stökk undir ölfusá á sama stað.

Sparnaður: 20 milljarðar - 5 milljarðar = 15 milljarðar



## Brú yfir Fossvog: 10 milljarða tekjuöflun

Brúna yfir Fossvog á að reisa 100% fyrir skattfé, því ekki er gert ráð fyrir að almenn umferð fari um þessa brú, aðeins hjólandi, gangandi og strætó-andi. Ef hleypt yrði smá bílaumferð á brúna og hver bíll rukkaður hóflegt gjald t.d. 200 kr, væri lítið mál að fá upp í hluta kostnaðarins eða jafnvel allan. 5000 bílar á dag sem færu um þessa brú væru þ.a. borga 3,7%

fjárfestingakostnaðarins á ári. Gríðarleg íbúaaukning hefur átt sér stað á Kársnesinu og lagfæring Kársnesbrautar til að taka mið af meiri umferð er því alltaf hvort er eð, óumflyjanleg. Það er þannig allra hagur að fá þessa tengingu þarna inn og færa kársnesið nær miðbænum. Sparnaður = 10 milljarðar

## Sundabraut/Laugarnesgöng: Sparnaður = 100 milljarðar


Sundabraut er vanhugsuð hugmynd sem stefnir í risastórt lestarslys. Hér eru nokkrar ástæður: Yfirhanna þarf brautina strax fyrir framtíðar umferð sem er ekki til í dag en sem mun tvöfalda byggingarkostnað miðað við núverandi þörf. Sundabraut tengist inn á Sæbraut á versta stað og

Sæbrautin mun ekki anna umferðinni sem þaðan kemur og allt mun því stíflast áfram. Brúarhugmyndin skerðir Sundahöfn. Gangahugmyndin tengist beint inn á Sæbrautarstokk, sem býr til stjarnfræðilegt flækjustig að tengja slík risaverkefni saman. Gangahugmyndin gerir einnig ráð fyrir grunnum göngum rétt undir húsgrunnum, sem flækir framkvæmdina verulega og tvöfaldar þar gangakostnað á því svæði. Plássleysi er gríðarlegt og allir efnisflutningar verðar margfalt dýrari en ella. Allar lagnir og stofnæðar liggja meðfram Sæbrautinni og munu þverast, sem getur líka valdið gríðarlegum kostnaði og töfum. Eins verða verulegar umferðartafir á byggingatíma. Friðland er í Leirvoginum sem á að þvera með ódýrri jarðvegsfyllingu og tveimur brúm. Gríðarlegur missir yrði af selalátrinu og risa leirum sem þarna eru. Líkleg þarf því að endurhanna allan 2. áfanga Sundabrautarinnar með tilheyrandi kostnaðarauka. Ólíklegt er að heildarkostnaður fari undir 150 milljarða þegar upp verður staðið.

Aðgerð: Laugarnesgöng frá Laugarnesi á Brimnes er allt öðruvísi framkvæmd. Um staðlaða framkvæmd er að ræða með litlum óvissum. Kostnaður yrði um 30 milljarðar, stytting úr bænum yrði tvöfalt meiri en fengist með Sundabrautinni og allt efni úr göngum færi beint í verðmæta fyllingu fyrir Sundahöfn og ekkert rask yrði á umferð meðan á framkvæmd stæði því pláss er nægjanlegt á Laugarnesi. Tenging við Sæbraut er að auki mun hagstæðari á Laugarnesi því þar er aldrei umferðarteppa. Fyrir 20 milljarða til viðbótar mætti svo stórefla aðra umferð. Annað hvort væri hægt að tengja Grafarvoginn gegnum önnur göng frá Laugarnesi sem færu upp í gegnum Viðey, eða bara með að efla tengingar á Sæbraut með fleiri mislægum gatnamótum og stækkun þeirra sem fyrir eru til að auka afköst. Með því fengist meiri ávinningur en með Sundabrautinni einni fyrir alla umferð. Þ.e. 50 milljarða framkvæmdir í stað 150 milljarða framkvæmda.

Sparnaður:  $150 \text{ mia} - (30 \text{ mia} + 20 \text{ mia}) = 100 \text{ mia}$

## Laugarnesgöng eða Sundabraut



## Miklubrautargöng: Sparnaður = 27 milljarðar

Í samgöngusáttmálanum er gert ráð fyrir Miklubrautargöngum fyrir 54 milljarða. Göngin eiga að tengja Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar við göng sem koma frá Grensás og eiga að koma út við Landspítalann. Mikil kostnaðaróvissa er í þessum göngum því aldrei hafa göng verið gerð hér á landi svo grunnt undir byggð. Eins verður nokkur óvissa um lausn umferðarhnútsins sem mun myndast þar sem öll umferðin kemur út við Landspítalann í stað þess að dreifast jafn óðum eins og hún gerir í dag.

Aðgerð: Árið 2003 þróað Vegagerðin tillögu sem gerði öll gatnamót sem Miklubrautar- og Kringlumýrarbrautar lægju undir að mislægum gatnamótum. Heildarkostnaðurinn við þessa framkvæmd var áætlaður núvirt 27 milljarðar. Þar sem þessi lausn dreifir umferðinni mun betur og jafnar henni um fleiri gatnamót er þessi lausn að mörgu leiti mun betri.

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/KringlumbrMiklabrautfrumdrag/\\$file/Kringlumbr\\_Miklabr\\_frumdragakostir\\_lokaeintak.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/KringlumbrMiklabrautfrumdrag/$file/Kringlumbr_Miklabr_frumdragakostir_lokaeintak.pdf)

Sparnaður: 54 mia - 27 mia = 27 mia

**SAMTALS: 25 + 15 + 10 + 100 + 27 = 177 milljarðar**

## TILLAGA 4: Styttri Austfjarðargöng = Sparnaður 15 milljarðar.


Fjarðarheiðagöng (rauð göng á mynd) eru hluti af stærra gangnaverkefni á Austfjörðum, því til stendur að gera þrjú göng á þessu svæði: Fjarðarheiðagöng, göng frá Seyðisfirði í Mjóafjörð og framhaldsgöng frá Mjóafirði til Neskaupstaðar (græn göng). Með þessum þremur göngum væri komin hringtenging á Austfjörðum sem myndi gjörbreyta samgöngum og samgönguöryggi milli tveggja stærstu sveitarfélaga Austurlands og stytta akstur milli Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar um 63 km.

Annar valkostur var hins vegar fyrir þessari tengingu, með gangatengingu til Egilsstaða frekar gerða frá Mjóafirði (blá göng) eftir að tengingin milli Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar er komin (græn göng). Þessi gangalausn er 4,4 km styttri sem gerir göngin a.m.k. 15 milljörðum ódýrari. Óverjanlegt er að spreða svona með skattfé í miklu dýrari lausn, sem er hreint ekki verri, því hún gefur meiri styttingu milli Fjarðarbyggðar og Egilsstaða en Fjarðarheiðargöngin.

Aðgerð: Ríkisstjórnin á að breyta forgangsröðun og byrja fyrst á Mjóafjarðartengingu til Neskaupstaðar. Sú tenging mun enda alla vetrareinangrun Seyðisfjarðar. Í framhaldinu er svo hægt að tengja Mjóafjörð við Egilsstaði og spara 15 milljarða og fá betri tengingu.

Sparnaður: 88 mia - 73 mia = 15 mia





## TILLAGA 5: VG og loftslagsblætið: Sparnaður 16 milljarðar á ári

### VG gæluverkefningin

Enginn stjórnvaldaflokkur hefur án efa staðið sig jafn vel í að fórna íslenskum hagsmunum í alþjóðasamskiptum og VG, dyggð aflöggun þar sem Ísland átti að leiða í loftslagsblætinu með því fordæmi að nýta ekki þær umframheimildir sem við ættum sannarlega að fá vegna þeirrar útblásturslausu framleiðslu sem hér á sér stað. Því er úr að Ísland er farin að kaupa kolefniskvóta fyrir erlenda ferðamenn og er nú eitt þjóða Evrópu sem mun þurfa að kaupa kolefniskvóta fyrir að fljúga yfir Atlantshaf eftir að VG grátbað um að EES samningnum yrði breytt með þeim hætti. Eins þarf að byrja að horfa nýjum augum á öll kolefnisbindingaverkefni, að teknu tillit til nýlegrar stefnubreytingar bandaríkjanna að segja sig úr Parísarsamkomulaginu. Útilokað er einnig að kína haldi áfram ef samkomulagið fer að þrýsta á þá að draga úr iðnaðarvexti. Evrópuþjóðir eru ekki nema kannski 12% af heildarútblæstrinum, og allt sem þau gera hefur því hverfandi áhrif á heildarútblástur CO<sub>2</sub>. Það gæti styst í að spilaborgin falli og því þarf enda sounina strax.

Af öðrum gæluverkefnum VG má svo nefna þjóðgarðavæðingu, Mannréttindastofnun og að stöðva nær allar vatnsaflsvirkjanir. Nú er VG fallið af þingi og komin ný stjórn sem vill byrja aftur að virkja. Þessi nýja stjórn á eðlileg líka að taka skrefið til fulls og segja strax upp áframhaldandi



áskrift af VG-bruðlverkefnum og sambærilegum sóunarverkefnum sem er í dag verið að fjármagna.

## Þjóðgarðarnir: Sparnaður = 2,1 milljarðar á ári

Vissuð þið að það er til stofnun sem rekur veitingastaði, gististaði og miðasölu fyrir ferðamenn og stendur fyrir mörg hundruð viðburða á ári sem enginn mætir á. (árið 2018 mætti enginn á 40% viðburða vatnajökulþjóðgarðs) Eins gefur sama stofnun út leyfi til að vera með dróna þar sem enginn er nærri.

Tilvist þessarar þjóðgarðastofnunar sem opinbers apparats er algjör geggjun. Ríkið á ekki að vera í ferðþjónustu og reka veitingastaði, selja gistingu og aðgang að ferðamannastöðum (í formi bílastæðagjalds). Ríkið er ekki sölufyrirtæki og getur aldrei markaðssett sig á hagkvæman hátt. Einkaaðili þyrfti ekki túskyling frá ríkinu til að reka sömu þjónustu, því arðsemi ferðþjónustu á þessum stöðum er það mikill. Í stað geldrar ríkisstofnunar komi því blómlegur iðnaður og fyrirtæki.

Hvað varðar bannið við drónum og myndatöku í þjóðgöörðum þá er það stórfurðulegt athæfi sem ætti að hætta strax. Aðeins örfáir staðir eru þess eðlis að drónar gætu verið til ama og það þarf enga stofnun til að stýra því. Bara stöku skildi.

Um 1200 milljónir fara í að reka vatnajökulþjóðgarð og 738 milljónir í þingvelli. Þetta fé væri allt hægt að spara með rekstri einkaaðila.

**Aðgerð:** Láta einkaaðila reka þjóðgarða, gegn kvöðum um frítt eða hóflega verðlagt aðgengi og hætta tilgangslausu drónaefirliti.

**Sparnaður:** 1200 milljónir + 738 milljónir = 2138 milljónir á ári.

## Mannréttindastofnun: Sparnaður 177 milljónir á ári

Mannréttindastofnun dyggðaflooggunarstofnun VG sem stofnuðu var utan um valin mannréttindi ákveðinna hópa. Svo virðist sem um óparfa stofnun sé að ræða, því réttargæsla um mannréttindi á sér stað á öllum sviðum samfélagsins. Það á að fara vel með skattfé og ekki búa til nýjar stofnanir að óþörfu.

**Aðgerð:** Loka mannréttindastofnun og spara árlegan rekstur 177 milljónir.

**Sparnaður:** 177 milljónir ár ári.

## Listamannalaun minnkuð aftur lækkuð: Sparnaður 700 milljónir á ári

Síðasta ríkisstjórn hækkaði listamannalaun um 700 milljónir til að kaupa ódýr atkvæði. Ríkið á ekki að stýra listum og engum er greiði gerður að beina honum á listabraut ef hann getur ekki sjálfur aft í sig og af af list sinni. Slík ríkisafskipti brengla því listina og færa hana fjær raunveruleikanum og nátturlegri eftirspurn markaðar.

**Aðgerð:** Ekki framlengja þessa hækkun.

**Sparnaður:** 700 milljónir á ári.

## Hljóðbókasafn Íslands: Sparnaður = 186,2 milljarðar á ári

Hljóðbókasafnið sem upphaflega var stofnað sem blindrabókasafn fyrir örfáa eru nú orðinn umfangsmikill ritstularstofnun fyrir amk. 12000 manns, þar sem höfundar fá 30-40 þúsund krónur fyrir ótakmarkað niðurhal á þeirra efni. Á þriðja hundrað þúsund niðurlög eru þar á ári sem samsvarar ritstuldu upp á yfir 500 milljónir. Ríkið á eðlilega ekki að koma að slíkum þjófnaði. Nóg er af framboði alls konar efnisveitum með aðgang að hljóðbókum fyrir þá sem vilja, þar sem höfundarréttur eru virtur. Fólk er ekki ofgott að borga fyrir sig sjálft.

**Aðgerð:** Leggja niður hljóðbókasafnið.

**Sparnaður:** 186.2 milljónir á ári.

## Kaup á losunarheimildum: Sparnaður = 2340 milljónir

Fjárlög næsta árs gera ráð fyrir að Ísland muni kaup losunarheimildir fyrir 2340 milljónir. Nær öll orkunotkun á Íslandi notar endurnýjanlega orkuframleiðslu og umræddar losunarheimildir verða keyptar frá þjóðum sem nota kol eða olíu til orkuframleiðslu. Glórulaust er að orkunotkun Íslands sé ekki metið okkur til ávinnings.

Til samanburðar má nefna að ein 20 MW vatnsaflsvirkjun sem byggð er hér á landi dregur úr útblæstri sem nemur kolefniskvóta sem kaupa má fyrir 2,3 milljarða með að flytja orkuframleiðslu stóriðju til okkar frá slíkum löndum sem nota kolaorku.

**Aðgerð:** Ísland á að hætta að kaupa losunarheimildir og virkja í staðin endurnýjanlega orku.

**Sparnaður** 2340 milljónir á ári.

## Loftslagssjóður: Sparnaður = 230 milljónir

Loftslagssjóður var gæluverkefni VG, sem styrkti verkefni sem studdu við stefnu VG og komu áróðri þeirra betur á framfæri.

**Aðgerð:** Leggja niður Loftslagssjóð.

**Sparnaður:** 230 milljónir á ári.

## Loftslagsráð: Sparnaður = 63 milljónir á ári

Loftslagsráð er pólitískt ráð til að skipuleggja auknar CO2 takmarkanir og útgjaldaaukningu. Í áratugi hefur ráðið varað við hlýnun hér á landi. Þessi hlýnun hefur þó látið á sér standa, og það er aftur farið að kólna, eins og það gerði fyrir 90 árum síðan.

**Aðgerð:** Leggja niður Loftslagsráð.

**Sparnaður:** 63 milljónir á ári.

## Land og skógur: Sparnaður 444 milljónir á ári

Á fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir að 3634 milljónir í “Land og skóga” og til skógræktar á lögbýlum. Þar af eiga 444 milljónir að fara til skógræktar á lögbýlum.

**Aðgerð:** Ef fólk vill rækta skóg á eigin landi, á það að gera það á eigin kostnað. Fella þarf niður þetta óþarfa styrkjakerfi.

**Sparnaður:** 444 milljónir

### Styrkir til orkuskipta: Sparnaður 7704 milljónir á ári

Á næsta ári er fyrirhugað að veita 7,704 milljónum í styrki til orkuskipta, þ.e. Dæmigert fyrir rafmagnsbíla. Rafmagnsbílar hafa þó engin hnattræn áhrif á útblástur CO<sub>2</sub> með því að taka orku frá grænni stóriðju til að hlaða bílana. Það eina sem orkuskiptastyrkurinn gerir er því að hvetja almenning til að kaupa dýrari bíla.

**Aðgerð:** Fella þarf niður alla styrki til orkuskipta. Fólk á sjálft að fjármagna eigin bílakaup.

**Sparnaður** 7.704 milljónir

### Íslandsstofa: Sparnaður = 1214 milljónir á ári

Íslandsstofu er ætlað að kynna Ísland og íslensk fyrirtæki. Einhvers konar innlent markaðs-sendiráð. Helsta afrek stofnunarinnar er þó stolið, þ.e. stolið-dans-kynningarátak sem átti sér stað þegar Eyjafjallajökull gaus. Athygli kynningarátaksins varð þó aldrei nema þúsundasta hlluti af þeirri athygli sem gosið fékk við að taka flugheiminn í gíslingu. Öllu kynningar fénu var því sóað, því kynningin var þegar komin fram. Þessi sóun heldur enn áfram. Þessi milliliður er óþarfur, því öll verðug fyrirtæki eru fullfær um að kynna sig sjálf og nota fagfólk í það og þurfa engan tilbúinn embættismanna millilið til að brengla sölu skilaboðin.

**Aðgerð:** Leggja Íslandsstofu niður.

**Sparnaður:** 1214 milljónir.

### Ferðamálastofa: Sparnaður = 831 milljarður

Ferðamálastofu er líka að atast í sambærilegum óþörfum kynningum auk þess sem stofan býr til stefnumótun í ferðamannaíðnaði. Þessi stefnumótunarvinnar er vanhugsuð, því með því er ríkisvaldið að reyna að hafa bein og annarleg áhrif á viðskiptalífið. Ferðamálastofa er umsagnaraðili tilkynningarskyldra framkvæmda, og í umsögnum þar sem stofan er oftast en ekki að reyna að verja hagsmuni samkeppnisaðila sem fyrir eru á markaði, t.d. með að krefjast umhverfismats þar sem skoða þarf áhrif framkvæmda á samkeppnisaðila. Þannig er ýtt undir fákeppni og bætt við rándýru viðbótarflækjustigi sem drepur verkefni áður en þau ná að fæðast.

**Aðgerð:** Leggja Ferðamálastofu niður.

**Sparnaður:** 831 milljónir

### Fjölmiðlanefnd: Sparnaður = 119,2 milljónir

Fjölmiðlanefnd er hugafóstur VG sem var stofnað til að hafa eftirlit með fjölmiðlum (og hafa áhrif á umfjöllun). Slík afskipti er með öllu óeðlileg. Það sást best í covidtímanum þegar ekki einn einasti fjölmiðill fjallaði um að bóluefnið hindraði ekki smit, að það væri áskriftarsprauta, að

aukaverkanir væru óeðlilega miklar, að verið væri að brjóta stjórnarskrá með sóttvarnaraðerðum og margt fleiri í þeim dúr. Aðeins var fjallað um þessu mál eftirá, þegar hið augljósa blasti við öllum. Slík einræðisnefnd á ekkert erindi í opið lýðræðisríki sem virðir málfrelsið.

Aðgerð: Leggja niður Fjölmíðlanefnd.

**Sparnaður:** 119,2 milljónir

SPARNADUR: 2138 + 177 + 700 + 186 + 2340 + 230 + 63 + 444 + 7.704 + 1.214 + 831 + 119 =  
15 969 milljónir

## TILLAGA 6: Borgarlínan og strætó = Sparnaður 432 milljarðar

Þegar Borgarlínan var fyrst seld almenningi átt hún að kosta 43 milljarða. Þessi upphæð var ósannindi sögð til að selja verkefnið. Nú gerir samgöngusáttmálinn ráð fyrir að 130 milljarðar fari í Borgarlínuna og frekari hækkunarir eru boðaðar í framtíðinni og því er sú áætlun því miður líka blekkingar. Borgarlínan verður margfalt dýrari.

Til að skilja það þarf að skoða aðeins forsöguna. Tökum dæmi: Árið 2012 hófst tíu ára tilraun þar sem samið var um framkvæmdastopp í Reykjavík gegn því að um milljarður færi í strætó á ári. Forsenda tilraunarinnar var að hlutdeild strætó í umferðinni mundi að lágmarki tvöfaldast á tímabilinu. Niðurstaðan varð að engin aukning varð á tímabilinu.

Þegar horft er yfir enn lengra tímabil, frá 2004 til dagsins í dag, virðist í fyrstu sem ákveðin aukning hafi orðið þar sem farþegum strætó fjölgaði um 60%. En þá gleymist að þjónustusvæði strætó hefur þanist út á tímabilinu og því jókst íbúafjöldi á þjónustusvæðinu líka um 60%. Nettó hlutfallsaukningin var því núll yfir síðustu tvo áratugi.

Þetta verður að hafa í huga þegar rekstraráætlun borgarlínu er skoðuð (sjá mynd). Þar kemur geggjuðu óskhyggja í ljós sem útilokað er að raungerist. Gert er ráð fyrir að á næstu 16 árum muni farþegar þrefaldast. Eitt árið er meira að segja gert ráð fyrir 8,5 milljón farþegar bætist við á einu ári, sem er 70% af þeim fjölda sem tók strætó í fyrra. Þetta er þannig hreinn skáldskapur. En hverjar ætli afleiðingarnar verði? Hvað ætli gerist ef fjölgun í strætó muni bara fylgja íbúafjölgun eins og alltaf hefur gerst áður? Jú. Í stað 250% aukningar í miðasölu, verður aukningin bara 30% vegna íbúafjölgunar. Tekjur strætó af miðasölu verða þá bara 2,5 milljarðar. Áætlaður heildarkostnaður strætó árið 2040 verður þá orðinn 17,7 milljarðar á ári. Mismunurinn er 15,1 milljarðar á ári sem eigendur strætó (ríki og borg) þurfa að dekkja eins lengi og borgarlínunni verður haldið á lífi. Núvirtur kostnaður árlegra 15.1 milljarða afborgunum miðað við 5% vexti er 302 milljarðar. (Hluti af þessu er þó vegna niðurgreiðslu strætó, sem eðlilega ætti að vera sjálfbær, og því ætti eðliega að vinna að því að lækka eða fella niður þær greiðslur) En er þetta allur fórnarkostnaðurinn af Borgarlínunni. Svárið við því er því miður stórt NEI. Stærsti skaði almennings af borgarlínunni er óbeini skaðinn sem borgarlínustefnan hefur á umferð og húsnæðisverð. Í áratugi hefur fjármunum verið beint frá því að laga umferð í Reykjavík í nafni borgarlínu falsdraumsins. Enn verri eru þó áhrif borgarlínukreddanna á hækkun fasteignaverðs, en það er einmitt í krafti borgarlínudraumsins/martraðarinnar sem eingöngu er byggt á þéttingarreitum meðfram fyrirhuguðum leiðum. Á þessum svæðum er allt að tvöfalt dýrara að byggja, og þegar loks er búið að byggja þá enginn sem borgar 100 milljónir fyrir íbúð til að nota bara strætó. Líklega hefur engin framkvæmd aukið jafn mikið á fátækt og

skuldsetningu heimila og einmitt þetta verkefni. ... og enn eru mörg ár í að borgarlínan komi, ef hún þá nokkurn tíman kemur.

Aðgerð: Hætta niðurgreiðslu strætó og hætta við borgarlínuna strax.  
 Sparnaður: 130 milljarðar + 302 milljarðar = 432 milljarðar

Drög að rekstraráætlun

**Uppfærð rekstraráætlun almenningssamgangna**

Nýtt leiðanet með Borgarlínu í febrúar 2024

Rekstur allar tölur í mkr.	Skýr.	Þjónustuvæðing											Fossvogsbúð tilbúin - leið 8 leigt		Borgarlíneilíð A hefur akstur		Lestu 1 líkur - Nýtt leiðanet tekur göð		Leið E Borgarlína		Aukáð sérvíni í leið F		Leið G og D Borgarlíneilíðir	
		2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025*	2026	2027	2028**	2029	2030***	2031	2032	2033	2034	2035	2036	2037	2038	2039	2040	
<b>Fargjaldatekjur</b>		171	171	171	171	163,5	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0	183,0		
Fargjaldatekjur (byggt á spálíkani um fjölda farþega)	1	- 1.921	- 1.332	- 1.420	-	1.733	- 2.025	- 2.355	-	2.474	- 2.598	- 2.874	- 3.069	- 3.282	- 3.657	- 5.217	- 5.470	- 5.735	- 6.747					
Fargjaldatekjur v/samgöngustyrkja	1											- 235	- 235	- 352	- 352	- 352	- 352	- 352	- 352					
<b>Samtals fargjaldatekjur</b>		- 1.921	- 1.332	- 1.420	-	1.733	- 2.025	- 2.355	-	2.474	- 2.598	- 3.109	- 3.304	- 3.634	- 4.009	- 5.569	- 5.822	- 6.087	- 7.099					
<b>Gjald</b>																								
Kostnaður við rekstur vagna	4	6.728	6.890	7.433	7.938	8.589	8.697	10.517	10.515	10.778	11.787	11.787	15.927	16.464	16.464	16.379	16.716							
Stjórnun, þjónustuver o.fl.	5	701	683	820	925	925	925	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000	1000					
Km gjald á rafvagna																								
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	7	7.429	7.573	8.253	8.863	9.514	9.622	11.517	11.515	11.778	12.787	12.787	16.927	17.464	17.464	17.379	17.716							
Kostn. vegna undirbúnings og innleiðingar og UT fjárfestingu	8							155	315	415	110													
Innvíðir fjárfesting										768				616										
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA)</b>		- 5.508	- 6.241	- 6.833	- 7.130	- 7.489	- 7.267	- 9.198	- 9.232	- 9.852	- 9.593	- 9.153	- 13.534	- 11.895	- 11.642	- 11.292	- 10.617							
Afskriftir	9	278	255	251	319	292	320	320	300	300	300	300	150	150	150	150	150	150	150					
<b>Niðurstaða fyrir framlið eigenda</b>		- 5.786	- 6.496	- 7.084	- 7.449	- 7.781	- 7.587	- 9.518	- 9.532	- 10.152	- 9.893	- 9.453	- 13.684	- 12.045	- 11.792	- 11.442	- 10.767							

\* Þjónustuvæðing árið 2025: Aukin tíðni á leiðum 3, 5, 12, 15, 19, 21 og 24. Lenging þjónustutíma á kvöldin  
 \*\* Leiðir A, N og O hefa akstur. Leiðir 2, 8, 14, 33 og 36 detta út  
 \*\*\* Borgarlíneilíð 8 hefur akstur

## Tillaga 7 Undirbúningsmat allra opinberra framkvæmda: 39 milljarða sparnaður á ári.

Umfang opinberra framkvæmda ríkisins verður á bilinu 60-75 milljarða fjárfestingu á ári næst þrjú árin (t.d. Í sjúkrahús, skóla, vegakerfið, flugvelli o.fl.)

Í greiningum sem gerðar hafa verið á hvernig kostnaðaráætlunum opinberra framkvæmda ber saman við endanlegan kostnað, blasir hrikaleg mynd við. Flest verkefni fara langt fram úr áætlun. Í greiningu á opinberum framkvæmdum frá 1992-2010 kom t.d. í ljós að opinberar framkvæmdir fóru að meðaltali 63% fram úr áætlun. Þetta hefur ekkert batnað, heldur bara versnað ef eitthvað er. En þar sem yfirvöld vilja lítið auglýsa þetta getuleysi til að halda kostnaðaráætlanir er lítið unnið í að greina slíka framúrkeyrslu og því fann ég í fljótu bragði ekki betra mat en þetta.

Meginástæðan fyrir því af hverju verkefni fara svona fram úr sér er að asinn til að fá verkefni samþykkt og fá fjárveitingu fyrir það er jafnan það mikill að menn vita oft ekki að fullu hvað verkefnið er þegar verkefnið fær fjárveitingu. Verkefni eru skilgreind eftirá.

En þarf þetta virkilega að vera svona?

Nei alls ekki. Til eru mörg undirbúningskerfi fyrir framkvæmdir sem ætlað er að lágmarka þessar framúrkeyrslur þ.a. Verkefni verði ekki stjórnlaus. Þessum kerfum er þó ekki beitt hér á landi. Dæmi um eitt slíkt kerfi er PDRI kerfið sem Construction Institute sem gefur undirbúningi verkefna einkunn og beinir undirbúningi í leiðinni í rétta átt, þ.a. tryggt sé að áður en verkefni

hefst þá sé búið að skilgreina hvað á að gera, hvernig það er hannað og hvernig það verður framkvæmt. Að meðaltali fara verkefni sem fá viðmiðuneinkunn að standast áætlun (ca. ±2,6% af fjárheimild). Til samanburðar þá er íslenska talan 63% umfram kostnaðaráætlun.

Þetta segir ekki alla söguna. Verkefni sem undirbúin eru nánast stjórnllaus eins og reyndin er með íslensk verkefni, gefa líka verri útkomu. T.d. getur aukið verulega á árlegan viðhaldskostnað ef hönnun tekur ekki tillit til hans, eða ef ekki er tekið nægjanlegt tillit til framtíðar stækkunarmöguleika svo eitthvað sé nefnd.


Aðgerð: Skylda alla opinbera aðila að framkvæma PDRI einkunagjöf eða sambærilegt fyrir allar framkvæmdir yfir 100 milljónum. Engu verkefni verður síðan gefin fjárheimild nema þeir sem komi að því taki ábyrgð á því (í gegnum einkunagjöfina) að þeir viti hvað þeir ætli að gera og hvernig.

SPARNAÐUR (Ríkis, sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja): 100 milljarðar\*(1-1/1.63)=70\*0,39%=27 milljarðar á ári.

### Mynd 2

Opinberar framkvæmdir fóru að meðaltali farið 63% fram úr kostnaðaráætlun á árunum 1992 – 2010 en alls fóru 90% verkefna fram úr áætlun

Kostnaður opinberra framkvæmda miðað við kostnaðaráætlun



Category	Total Average	Industrial PDRI Score		Difference
		< 200	> 200	
Cost	2.6% above Budget	2.6% below Budget	9.3% above Budget	12.0%
Schedule	3.2% behind Schedule (n = 62)	0.5% ahead Schedule (n = 35)	8.0% behind Schedule (n = 27)	8.4%

Category	Total Average	Building PDRI Score		Difference
		< 200	> 200	
Cost	10.6% above Budget	2.6% above Budget	12.9% above Budget	10.2%
Schedule	16.9% behind Schedule (n = 78)	2.7% behind Schedule (n = 17)	20.9% behind Schedule (n = 61)	18.2%